

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Fundur í stjórn Reykjanesfólkvangs

22. mars 2024, kl. 10:30

Borgartúni 12-14 og á Teams

Mættir: Kristinn Jón Ólafsson (KJÓ), Gísli Sveinbergsson (GS) og Helga H. Björnsdóttir (HHB). Sverrir B. Magnússon (SBM), Stella Stefánsdóttir (SS), Ásrún Kristinsdóttir (ÁK) og Bergur Þ. Benjamínsson (BÞB) tóku þátt gegnum fjarfundarbúnað.

Einnig sátu fundinn:

Auðun Helgason (AH), René Biasone (RB) og Þórólfur Jónsson (ÞJ) sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Afstaða sveitarfélaga vegna úrsagnar Reykjavíkur úr Reykjanesfólkvangi

Reykjavík sendi bréf 23. janúar 2024 til sveitarfélaganna auk Umhverfisstofnunar þar sem úrsögn Reykjavíkur var tilkynnt samkvæmt ákvörðun frá fundi borgarstjórnar Reykjavíkur þann 6. des. 2022.

- SBM sagði að afstaða Reykjanesbæjar væri að það þjónaði ekki tilgangi né hag sveitarfélagsins að vera inni og munu því segja sig úr fólkvanginum.
- SS sagði að Garðabær myndi ekki ganga út miðað við þær forsendur sem lágu fyrir fundinn. Garðabær hefur í fjárhagsáætlun gert ráð fyrir að greiða framlag miðað við óbreytt ástand í samræmi við forsendur eins og þær lágu fyrir haust 2023. Allt umfram það verður að skoða sérstaklega.
- ÁK sagði að Grindavík yrði áfram og myndi greiða í samræmi við fyrri greiðslur.
- GS sagði að Hafnarfjörður héldi áfram og myndi greiða miðað við fyrri greiðslur.
- HHB sagði að Seltjarnarnes hefði ekki tekið formlega ákvörðun en líklega yrði úrsögn niðurstaðan.
- BÞB sagði að Kópavogur væri ekki búinn að taka ákvörðun og myndi væntanlega greiða meðan annað væri ekki ákveðið.
- Samkvæmt fundargerð 393. fundar í bæjarráði Sveitarfélagsins Voga þann 7. feb. 2024 leggur bæjarráð til við bæjarstjórn að Sveitarfélagið Vogar fari að fordæmi Reykjavíkurborgar og segi sig frá þátttöku í Reykjanesfólkvangi.
- RB rifjaði upp leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um að Reykjavík ræddi við hin sveitarfélögin.

2. Tillaga Reykjavíkur

Reykjavík stefnir á að tímasetja útgöngu miðað við 30. júní 2024 og greiða þá hálf gjald fyrir 2024 sem lokagreiðslu. Miðað við að Garðabær, Hafnarfjörður og Grindavík haldi áfram, núverandi inneign og að hin sveitarfélögin greiði að minnsta kosti hálf gjald þá ætti að vera unnt að reka fólkvanginn 2024 með sama hætti og fram að þessu. Einnig gefst þá svigrúm til að ákveða framtíðarfyrirkomulag.

3. Landvarsla

KJÓ mun ásamt ÞJ eiga samtal við landvörð varðandi möguleika á að sinna landvörslu 2024. Fyrir liggur að verkefni í Seltúni hafa vaxið mikið og tekið æ meiri tíma landvarðar

Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

og landvörður bent á það. GS mun taka samtalið innan Hafnarfjarðar um hvað hægt væri að gera til að bregðast við því.

RB nefndi að gott væri að lista upp verkefni landvarðar ef til þess kæmi að fela þyrfti nýjum aðila landvörsluna.

Stefnt að næsta fundi í vikunni 10. – 12. apríl 2024.

Fundi slitið 11:40.